

| | | | |
|--------|------------|--------|----|
| Ástæða | 14060089 | Ástæða | PP |
| Dagur | 2.4.76 | Dagur | |
| Dagur | 19.09.2014 | Dagur | |
| | | | |

Forsætisráðuneytið
b.t. Skúla Sveinssonar, formanns vinnuhóps um eftirlitsstofnanir
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
Lækjargötu
101 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 18. september
2014

Tilvísun: 2014081136VEL/--

Efni: Beiðni um álit Persónuverndar

Persónuvernd vísar til bréfs yðar, dags. 20. ágúst 2014, þar sem óskað er eftir álit Persónuverndar á því að hve miklu leyti unnið sé eftir viðmiðum OECD um fyrirkomulag eftirlits hjá eftirlitsaðilum (e. The Governance of Regulators) og hvort viðmiðin séu talin henta sem leiðbeiningar. Einnig var óskað eftir ábendingum um hvernig bæta megi eftirlitsstarfsemi hjá stofnuninni, þ.m.t. hvort þær reglur sem hún starfar eftir séu við hæfi.

1. Viðmið OECD

Persónuvernd hefur farið yfir umrædd viðmið með hliðsjón af starfsemi stofnunarinnar. Er það mat hennar að þó framangreindum viðmiðum hafi ekki verið fylgt formlega í framkvæmd er ljóst að flest atriði sem þar koma fram eiga við starfsemi Persónuverndar, og hafa þau verið innleidd að nokkru marki. Nú stendur yfir vinna við stefnumótun hjá stofnuninni, m.a. mótun eftirlitsstefnu, en áætlað er að þeirri vinnu ljúki í lok október næstkomandi. Í kjölfar erindis yðar hefur Persónuvernd tekið þá ákvörðun að hafa viðmið OECD til hliðsjónar við þá vinnu, enda er það mat stofnunarinnar að viðmiðin henti einkar vel fyrir starfsemi hennar.

Þó er ljóst að nokkur atriði þarf að taka sérstaklega til skoðunar, m.a. hvað varðar sjálfstæði stofnunarinnar m.t.t. fjárheimilda, skipun í stjórn og áfrýjunarleiðir.

2. Ábendingar um hvernig bæta megi eftirlitsstarfsemi, þ.m.t. hvort þær reglur sem hún starfar eftir séu við hæfi.

100

1. Lögjöf á sviði persónuverndar þarfnast breytinga á næstu árum

Þau lög sem Persónuvernd starfar eftir, lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, byggja á tilskipun 95/46/EB. Í lögnum og tilskipuninni er gert ráð fyrir að komið verði á fót sjálfstæðri eftirlitsstofnun sem hefur eftirlit með allri rafrænni vinnslu persónuupplýsinga. Var það gert hér á landi með stofnun Persónuverndar.

Með hinni miklu tækniþróun sem hefur átt sér stað síðustu ár, þá sérstaklega með tilkomu internetsins, er ljóst að bæði lögin og tilskipunin eru komin til ára sinna. Af þeirri ástæðu er nú unnið að gerð nýrrar reglugerðar á sviði persónuverndar á vettvangi Evrópusambandsins sem m.a. er ætlað að taka á þeim atriðum sem ekki var hægt að sjá fyrir þegar tilskipunin var sett. Ljóst er að ekki verða sett ný lög á Íslandi fyrr en að sú reglugerð hefur tekið gildi á evrópska efnahagssvæðinu, enda falla málefni tengd persónuvernd innan fjórfrelsisins í EES-samningnum.

Þó svo að lög nr. 77/2000 séu komin nokkuð til ára sinna hafa þau þó enn mikið gildi, enda þar að finna almennar reglur sem öllum þeim sem vinna með persónuupplýsingar ber að fylgja - en ein helsta skylda Persónuverndar er að hafa eftirlit með þeim aðilum. Þá er þar að finna tilteknar skyldur sem lagðar eru á ábyrgðaraðila vinnslu ásamt ýmsum réttindum og úrræðum til handa hinum skráða. Ákvæði laganna eiga mikið erindi til almennings, enda snerta þau eitt af höfuðmannréttindum einstaklinga, þ.e. friðhelgi einkalífs.

Má því segja að þær reglur sem stofnunin starfar eftir séu við hæfi, þrátt fyrir að vera nokkuð yfirgripsmiklar.

2. Eftirlit sem Persónuvernd er falið með öðrum lögum

Líkt og að framan greinir starfar Persónuvernd fyrst og fremst samkvæmt lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í þeim lögum er gert ráð fyrir víðtækri eftirlitsskyldu stofnunarinnar með þeim stjórnvöldum og einkaaðilum sem vinna með persónuupplýsingar.

Einnig er henni falið eftirlitshlutverk samkvæmt öðrum lögum og má þar helst nefna 22. gr. laga nr. 55/2009, um sjúkraskrár, lyfjalög nr. 93/1994, lög nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga (ákvæði er varða Persónuvernd falla úr gildi um áramót), lög nr. 44/2014, um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði (ákvæði er varða Persónuvernd taka gildi um áramótin), lög nr. 16/2000, um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, lög nr. 110/2000, um lífsýnasöfn, lög nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir, lög nr. 88/2001, um erfðaeftirlitsskrá lögreglu, lög nr. 96/2002, um útlendinga, lög nr. 81/2003, um fjarskipti, lög nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, lög nr. 100/2007, um almannatryggingar, lög nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, lög nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, lög nr. 77/2010, um sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands, lög nr. 100/2010, um umboðsmann skuldara og lög nr. 88/2001, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Hér er ekki um tæmandi talningu að ræða á þeim lagaákvæðum þar sem gert er ráð fyrir reglubundnu eftirliti Persónuverndar. Auk þess er að finna fjölmörg ákvæði í reglugerðum þar sem mælt er fyrir um eftirlit stofnunarinnar.

Á síðasta ári útbjó Persónuvernd skjal sem felur í sér greiningu á mannaflaþörf eftir öllum laga- og reglugerðarákvæðum sem snerta Persónuvernd. Óski vinnuhópurinn eftir afriti af því skjali mun stofnunin verða við þeirri ósk. Niðurstöður þeirrar greiningar eru þær að mannaflaþörf nemi 7,6 stöðugildum sérfræðinga ef einungis er stefnt að því að stofnunin sinni lögboðnum verkefnum að algeru lágmarki. Sé gert ráð fyrir að sinna eigi hinum lögboðnu verkefnum með

ásættanlegum hætti nemur mannaflapörfin 11,9 stöðugildum sérfræðinga. Þegar umrædd greining var gerð var miðað við að málafjöldi hjá stofnuninni héldist óbreyttur, en nú þegar stefnir í að aukning verði í málafjölda milli ára og því gæti mannaflapörfin hafa aukist sem því nemur.

Með vísan til framangreinds bendir Persónuvernd á að stofnuninni er falið enn víðtækara eftirlit með öðrum lögum. Því eftirliti hefur lítið sem ekkert verið sinnt síðustu ár sökum mannekle. Hins vegar hefur stofnunin brugðist við þegar henni hefur borist kvörtun frá hinum skráða.

2. Fjárheimildir Persónuverndar

Á árunum 2009-2013 voru gerðar miklar kröfur til niðurskurðar hjá Persónuvernd, sem birtist einna helst í fækkun starfsfólks. Í ljósi mannekle var verkefnum stofnunarinnar forgangsraðað og einungis brýnustu verkefnum sinnt en öll önnur verkefni smátt og smátt aflögð. Á árinu 2013 var t.d. öllu eftirliti af hálfu stofnunarinnar endanlega hætt, látið af öllu erlendu samstarfi, öllu kynningar- og fræðslustarfi hætt og allt starf að frumkvæðismálum lagt af. Á síðasta ári voru stöðugildi lögfræðinga að meðaltali 2,8, staða skrifstofustjóra var 0,8 og var settur forstjóri eingöngu í 60% stöðu. Til samanburðar má nefna að árið 2007 voru 11 starfsmenn hjá stofnuninni.


Horfir þó nú til betri vegar þar sem stofnunin fékk aukningu á fjárheimildum upp á 30 mkr. fyrir árið 2014. Með þeirri aukningu var hægt að fá forstjóra í fullt starf, ráðist var í ráðningu upplýsingateknisérfræðings, stöðugildi lögfræðinga eru nú 3,6 og skrifstofustjóri er í fullu starfi. Af þessu leiðir að stofnunin hefur að nýju á árinu 2014 hafið takmarkað eftirlit og frumkvæðisathuganir. Þá hefur stofnunin sótt nokkra erlenda fundi, m.a. í Norðurlandasamstarfi og hjá 29. gr. starfshópnum, sem sinnir ráðgjafarhlutverki innan ESB, hvað varðar málefni persónuverndar. Þá lýtur stefnumótun stofnunarinnar enn fremur að því að auka kynningar- og fræðslustarf.

Þó er ljóst að stofnunin á enn langt í land með að sinna öllum þeim skyldum sem lagðar eru á hana samkvæmt lögum en ljóst er að slíkt eftirlit verður ekki viðhaft nema að til komi auknar fjárheimildir en útlit er fyrir að þær fjárheimildir sem lagðar eru til í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2015 dugi eingöngu fyrir launakostnaði stofnunarinnar og lágmarks rekstrarkostnaði. Jafnframt er á það bent að fjárheimildir stofnunarinnar eru í beinu sambandi við sjálfstæði stofnunarinnar og því þarf að tryggja frekara sjálfstæði stofnunarinnar að þessu leyti.

3. Samantekt

1. Persónuvernd vinnur nú að framtíðarstefnumótun fyrir stofnunina og mun m.a. líta til viðmiða OECD hvað þá vinnu varðar. Ljóst er þó að nokkur atriði sem fram koma í þeim viðmiðum, þurfi að taka sérstaklega til skoðunar hjá stofnuninni, m.a. hvað varðar sjálfstæði hennar.
2. Stofnunin telur að þær reglur sem hún starfar eftir, einkum lög nr. 77/2000, séu við hæfi, þrátt fyrir að vera komnar til ára sinna og vera nokkuð yfirgripsmiklar. Persónuverndarlöggjöfin hefur mikið gildi fyrir almenning. Ljóst er að breytinga mun verða þörf þegar að Evrópusambandið hefur samþykkt nýja reglugerð á sviði persónuverndar.
3. Persónuvernd er falið víðtækt eftirlit með öðrum lögum en því eftirliti hefur nánast eingöngu verið sinnt berist um það kvörtun frá hinum skráða.
4. Til að geta sinnt þeim eftirlitsskyldum sem á Persónuvernd hafa verið lagðar samkvæmt lögum þarf að auka fjárheimildir stofnunarinnar. Fjárheimildir stofnunarinnar eru í beinu sambandi við sjálfstæði hennar og því þarf að tryggja frekara sjálfstæði stofnunarinnar að þessu leyti. Þær fjárheimildir sem stofnuninni eru veittar í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2015 duga nær eingöngu fyrir launakostnaði.

Virðingarfyllst


Hjördís Stefánsdóttir
settur forstjóri